

Fljótsdalshérað
Ómar Þröstur Björgólfsson
Lyngási 12
700 Egilsstaðir



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. júlí 2012
UST20120600139/dg

Deiliskipulag Möðrudalur á Fjöllum

Efni:

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags 25. júní sl. þar sem skipulags- og byggingarfulltrúi Fljótdalshéraðs óskar eftir umsögn um tillögu að deiliskipulagi fyrir Möðrudal á Fjöllum, Fljótsdalshéraði.

Umhverfisstofnun barst ekki skipulagslýsing af deiliskipulaginu.

Almennt um framkvæmd

Svæðið sem deiliskipulagið tekur til er tvískipt, 10,8 ha bæjarstæði Möðrudals á Fjöllum annars vegar og svo 14,4 ha svæði vatnsaflsvirkjunar í Sauða um 1,8 km austan við Möðrudal. Samkvæmt aðalskipulagi Fljótdalshéraðs 2008-2028 er bæjarstæði Möðrudals skilgreint sem landbúnaðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði. Sauðárvirkjun er ekki tilgreind í aðalskipulagi Fljótdalshéraðs. Markmið skipulagsins er að greina mörk vatnsaflsvirkjunar í Sauða og framtíðarnotkun ferðaþjónustu í Möðrudal.

Mannvirkjagerð

Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að mælst sé til að óbyggðar byggingar á svæðinu taki mið af núverandi byggingum, hvað varðar ásýnd, hlutföll, efni og liti. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 35. gr laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal þess gætt að mannvirki falli sem best að svipmóti lands. Í aðalskipulagi Fljótdalshéraðs kemur einnig fram að nýbyggingar skuli vera í tengslum og sambengi við þá byggð sem fyrir er

Fráveita

Samkvæmt greinargerð deiliskipulagsins er öll fráveita leidd í rotþrær. Umhverfisstofnun bendir á að rotþrær og siturlagnir þurfa að vera af viðeigandi stærð og gerð sb. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Stofnunin hefur útbúið leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (www.ust.is).

Vegir og bílastæði


Umhverfisstofnun bendir á að á uppdrætti skipulagsins eru ekki sýndar aðkomur að nokkrum mannvirkjum t.d. landbúnaðarbyggingum.


Sauðárvirkjun

Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að eitt af markmiðum skipulagsins sé að greina mörk vatnsaflsvirkjunarinnar. Einnig kemur fram að engar breytingar séu fyrirhugaðar á fyrirkomulagi virkjunarinnar. Umhverfisstofnun bendir á að breytingar á virkjuninni geta verið háðar umsögn stofnunarinnar.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við tillögu deiliskipulag Möðrudals á Fjöllum.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri



Drífa Gústafsdóttir
sérfræðingur

Skipulagsstofnun